



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 18. desember 2024



Sjötti fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 18. desember 2024 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. EM kvenna
A landslið kvenna stóð sig mjög vel á EM kvenna og vannst fyrsti leikurinn í sögunni á EM er liðið sigraði Úkraínu. Einnig lék liðið mjög vel gegn Hollandi og sigurinn tryggði liðinu sæti í efri styrkleika fyrir undankeppni HM en liðið dróst þar gegn Ísrael. Búið er að semja um að báðir leikirnir verða leiknir á Íslandi og eru möguleikar liðsins á að komast á HM mjög miklir.
 - b. Úthlutun afrekssjóðs
Við úthlutun afrekssjóðs fyrir 2025 dróst úthlutun til HSÍ saman um tæpar 16 milljónir og eru það gríðarleg vonbrigði sem mun hafa miklar afleiðingar fyrir rekstur sambandsins. Eftir á að úthluta viðbótarfjármagni sem kemur frá ríkinu en verður það ekki gert fyrr en í janúar eða febrúar. GBO og RG hafa fundað með afrekssjóði vegna þessa.
 - c. EHF þing
GBO kynnti fram fór fram á EHF þingi sem fram fór um síðustu helgi í Vín. Ekki voru stór fundarefni. Samhliðina þinginu áttu GBO og RG fund með EHF varðandi gamla skuld frá 2022 vegna Covid testa. Hugmynd er uppi hvernig hægt er að greiða hana í samvinnu við EHF og munu GBO og RG ganga frá samkomulagi þar um. Þá var einnig rætt við Noreg og Danmörku um að koma hingað til lands um Final 4 helgina og vera með námskeið varðandi kvennalandsliðið og munu GBO og RG fylgja því eftir.
 - d. Fjármál HSÍ
ILL kynnti stöðu fyrstu 11 mánuði ársins. Fyrir séð er að tap ársins verður líklega um 30 milljónir og eru stærstu þættirnir þar rekstur landsliða og rekstur á HSÍ TV. Skipuð var nefnd til að fara í saumana á því hvar hægt er að skera niður og hvernig er hægt að sækja meiri tekjur.
 - e. Heimsíða HSÍ
Ný heimasíða HSÍ er í vinnslu og er reiknað með að hún verði tilbúin í vor.
3. Handknattleiksfólk ársins 2024
Það þarf að útnefna handknattleiksfólk ársins 2024. Það þarf að klárast fyrir föstudag.
4. Ársþing HSÍ og formannafundur
RG lagði til að ársþing HSÍ verði 5. Apríl nk. og að formannafundur verður 6. Janúar nk.
5. Verkefnin framundan
RG fór yfir þau verkefni sem eru framundan núna í desember og í byrjun árs.



6. Samningar leikmanna við Hörð

Bréf hefur borist frá leikmannasamtökunum varðandi stöðu samninga 5 leikmanna við Hörð.

7. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari